

# Frjáls ábyrgðartrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Skilmáli A-1

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

## HVERNIG TRYGGING ER FRJÁLS ÁBYRGÐARTRYGGING?

Ábyrgðartryggingin tryggir atvinnurekanda fyrir skaðabótaábyrgð sem á hann kann að falla vegna slysa á fólki eða skemmda á munum.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Skaðabótaábyrgðar sem fellur á atvinnurekanda vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun.
- ✓ Skaðabótaábyrgð sem fellur á atvinnurekanda sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar, sem notuð er í tengslum við starfsemina og tilgreind er á skírteini.
- ✓ Skaðabótaábyrgð sem fellur á atvinnurekanda vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi (skaðsemisábyrgð).

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á munum sem atvinnurekandi á einn eða með öðrum eða hefur að láni, til leigu, geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.
- ✗ Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á munum sem atvinnurekandi tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
- ✗ Skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna loforðs frá váttryggðum um að hann beri víðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bó
- ✗ Tjón sem hlýst af eldsvoða.
- ✗ Skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst við byggingarframkvæmdir á fasteign, sem atvinnurekandi á eða notar.
- ✗ Skaðabótakröfu, sem fellur á atvinnurekanda sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis eða annarra farartækja.

- ✗ Skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af því að atvinnurekandi vinnur við framkvæmdir í jörðu.
- ✗ Skaðabótakröfu sem leiðir af skráningarskyldum vinnuvélum og notkun þeirra, nema þeirra sé getið á skírteini.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



## ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Vátryggðum er skylt að gæta þess, að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir, sem hafa lögskilin réttindi og hæfni til að stjórna slíkum tækjum.
- Starfsmenn skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu vátryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.



## HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Almennt gildir tryggingin einungis á Íslandi. Hins vegar tekur hún til tjóns vegna hættulegra eiginleika söluvöru, í þeim ríkjum sem nefnd eru í skírteini eða iðgjaldskvittun. Skilyrði er þó að sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



## HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjonstilkynningu.
- Vátryggðum ber skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



## HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



## HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



## HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.